

október 1944, birtri í Lögbirtingablaði 23. s. m., og varðar það hann refsingu samkvæmt 9. gr. 2. mgr. verðlagslaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærða fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 69. gr. 3. tölulið hegningarlaganna ber að gera upp-tækan ríkissjóði til handa þann ólöglega ágóða, kr. 8856.67, sem kærði samkvæmt framansögðu hafði af broti sínu.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Skipaður verjandi kærða, hrl. Eggert Claessen, hefur eigi krafizt málsvarnar-launa, ef svo færi, að kærði yrði dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Drátt þann, sem varð á máli þessu hjá verjandanum, verður að átelja. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Pétur Þórhallur Júlíus Gunnarsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 8856.67, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. maí 1948.

Nr. 1/1947. **Jóhann Garíbalðason og Jörgen Holm**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Kristjáni Björnssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Galli á málsmeðferð. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 18. des. 1946 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og hann sýkn dæmdur. Svo krefst hann málskostn-

aðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu hefur stefndi krafizt þess, að metinn verði gildur með dómi réttur hans til umferðar um gangstig frá húslóð hans nr. 1 við Laugaveg að Hafnarvegi milli húsanna nr. 18 og 20 við Hafnarveg og að girðing sú og aðrar tálmanir, sem áfrýjandi Jóhann Garibaldason hefur sett fyrir notkun gangstigsins, verði brott numdar.

Þar sem mál þetta var rekið á svo viðtækum grundvelli, átti það að sæta meðferð samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, og bar því að dæma það af héraðsdómara ásamt samdómendum. Fógetameðferð var ekki réttmæt. Þá hefur meðferð málsins í öðrum greinum verið andstæð lögum nr. 85/1936. Ekki var kveðið á um það af dómara, svo sem í þeim lögum er mælt, hvort málið skyldi flutt skriflega eða munnlega. Aðiljar hafa lagt fram sóknarskjöl og varnar miklu fleiri en í nefndum lögum er mælt og auk þess hefur dómari bókað eftir þeim oftlega málsskýringar og mót-mæli. Loks er samningu úrskurðarins ábótavant. Ekki eru þar greindar kröfur aðilja og málavextir eru ekki skipulega raktir.

Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og málsmeðferð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð máls þessa eiga að vera ómerk.

Stefndi Kristján Björnsson greiði áfrýjendum, Jóhanni Garibaldasyni og Jörgen Holm, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Siglufjarðar 4. júní 1916.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Gerðarþoli Jóhann Garibaldason girðir af stig, sem gerðarbeið-

andi Kristján Björnsson hefur notað og annað hvort liggur yfir lóð gerðarþola (Hafnargötu 20), eins og hann heldur fram, eða norðan við þá lóð, eins og gerðarbeiðandi heldur fram, og gróðursetti gerðarþoli þar tré og fyllti upp, svo að torveldara er yfir að fara.

Með lóðarsamningi, dags. 20. marz 1929, þinglesnum 14. júní 1930, fær gerðarbeiðandi Kristján Björnsson, Siglufirði, lóðarsamning að lóðinni Laugavegi 1 og stendur í samningnum þessi setning í meginmáli samningsins: „Gangstigur liggur frá húsinu ofan að Hafnargötu milli húss frú Kristínar Pálsdóttur og Konráðs Konráðssonar.“

Undir hið þinglesna eintak hefur undirritað samninginn H(elgi) Guðmundsson sem leigusali og Kristján Björnsson sem leigutaki. Er því ekki mótmælt af gerðarþola, að undirskriftirnar séu réttar, enda eru rithandir beggja leigusala og leigutaka auðþekkjanlegar, og annar vitundarvotturinn hefur í rétti viðurkennt undirskriftir leigusala og leigutaka undir hinn þinglesna lóðarsamning. Á hið þinglesna eintak er skrifað með ókunnri rithönd orðið „afrit“, og hefur gerðarþoli af því haldið fram, að hið þinglesna eintak væri afrit, sem einskis væri vert, en ekki frumrit, sem skuldbindi undirskrifendur. Þetta er ekki rétt. Eiginhandar undirskriftir leigusala og leigutaka sýna, að hér sé um frumrit að ræða. Þótt orðið afrit hafi af einhverjum verið skrifað á skjalið, skiptir það engu fyrir úrlausn þess, hvort um eiginhandar frumrit er að ræða, þegar sannað má heita, að um eiginhandar undirskrift sé að ræða.

Um sömu leigulóð hefur í gerð þessari eftir áskorun gerðarþola verið lagt fram annað eintak af leigusamningi um lóðina, nákvæmlega eins orðað, nema að hin tilvitnaða setning um gangstigin ofan að Hafnargötu er sett þar eftir (neðan við) undirskriftir aðilja. Samrit af því eintaki hefur síðar réttarhafi leigusala, núverandi eigandi jarðarinnar Hafnar, sem leigulóðin er leigð úr. En það eintak er fengið frá leigusala, og er af því auðsætt, að leigusali hefur verið samþykkur árituninni neðan við undirskrift aðilja á samninginn. Þótt ekkert væri lagt upp úr, að rithönd virðist sú sama á áritinu og á undirskrift H. Guðmundssonar (leigusalans). Eitt vitni, sem er vitundarvottur að undirskrift á hinu þinglesna eintaki og á hinum óþinglesnu eintökum, hefur borið, að áritunin um gangstigin neðan við undirskriftina hafi ekki verið á hinum 2 óþinglesnu eintökum, er vitundarvotturinn skrifaði undir, og hafi áritunin verið gerð síðar.

Sama vitni ber, að hið þinglesna eintak sé undirritað seinna en hin eintökin, en hve miklu seinna, viti hann ekki. En þótt svo sé, að hið þinglesna eintak sé síðar undirritað en óþinglesnu frumritin, er auðsætt, að hið tilvitnaða ákvæði um gangstigin af lóð gerðarbeiðanda niður á Hafnargötu er sett af leigusala, og er hann og núverandi eigandi jarðarinnar Höfn við það ákvæði bundinn, jafnvel þótt hið þinglesna eintak hefði verið skoðað sem afrit, en ekki frumrit.

Gerðarþoli Jóhann Garibaldason hefur með afsali, dags. 27. apríl s. l., fengið afsal fyrir hálfum lóðarréttindum lóðarinnar Hafnargötu 20 frá dánarbúi Kristinar Pálsdóttur, en með lóðarsamningi, dags. 20. sept. 1928, þinglesnum $1\frac{1}{2}\%$ 1929, er lóðarstærð sú ákveðin 30 álnir meðfram Hafnargötu (frá norðri til suðurs) og 30 álnir frá austri til vesturs eða alls 900 ferálnir. Með mælingu manna, útnefndra af réttinum, sem aðiljar ekki véfengja, er lóðin á lengd 33 álnir frá norðri til suðurs á vestri kanti lóðarinnar, en 35 álnir að austan eða með öðrum orðum 3 álnum lengri að vestan en 5 álnum lengri á austurkanti en lóðarsamningur frá 1928 heimilar gerðarþola. Verður því að telja, að það komi ekkert í bág við leigusamning gerðarþola, að gerðarbeiðandi hefði 2ja til 3ja álna breiðan stig sunnan við suðurgirðingu Konráðs Konráðssonar, eins og hann hefur krafizt.

Gerðarþoli færir fram þá ástæðu, að Siglufjarðarkaupstaður hafi á síðustu árum tekið svo mikið af breidd lóðarinnar af austurkanti lóðarinnar Hafnargötu 20, að þess vegna verði gerðarþoli að fá af lengd lóðarinnar, þótt það gangi út yfir stig gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi hefur með lóðarsamningi frá 1929, þinglesnum 1930, fengið rétt til gangstígs norðan við lóðina Hafnargötu 20, eins og sú lóð var ákveðin til Kristinar Pálsdóttur með lóðasamningi 1928, þinglesnum 1929, en dánarbúi Kristinar seldi gerðarþola, en eftir þeim lóðarsamningi átti lóðin Hafnargata 20 að vera 30 álna löng og 30 álna breið eða 900 ferálnir. Er auðsætt, að það, sem bærinn taki af breidd lóðarinnar Hafnargötu 20, getur hann ekki bætt við lengdina á kostnað gerðarbeiðanda með því að taka af honum rétt til gangstígs norðan við lóðina, umsamin þinglesin réttindi til gangstígsins, þótt fermál lóðar gerðarþola, 900 ferálnir, við það kæmi ekki út. En ef nú gangstigurinn, sem í lóðarsamningi gerðarbeiðanda ekki er ákveðin breidd á, væri ákveðinn 2ja álna breiður, en það telur fógetarétturinn hæfilega breidd á gangstignum, verður lengd lóðar gerðarþola, að gangstignum frádregnum, 31 alin að vestan, 33 álnir á austurkanti, þar sem meðalbreidd núverandi lóðar gerðarþola er rúmlega $28\frac{1}{2}$ alin, rúmlega 30 álnir að sunnan, 27 álnir að norðan rúmlega — kemur í ljós, að flatarmál núverandi lóðar Hafnargötu 20 er rúmlega 919 ferálnir, þegar búið er að draga 2ja álna gangstig gerðarbeiðanda frá, eða m. ö. o. að gerðarþoli hefur til umráða rúmlega 19 ferálna stærri lóð en hann hefur rétt til eftir leigusamningi sínum og er þá búinn að fá lóð fyrir það, sem bærinn hefur tekið af lóð hans undir Hafnargötu.

Er það þá því auðsærra, að gerðarþoli getur engan rétt haft til stígs gerðarbeiðanda, sem eftir þessu væri norðan við hans lóð og notaður hefur verið af gerðarbeiðanda s. l. 17 ár samkvæmt hans fyrrgreinda lóðarsamningi frá 1929, þinglesnum 1930.

Gerðarþoli hefur því eigi haft rétt til þess með girðingu, gróðursetningu trjáa og uppfyllingu á 2ja álna stignum, að hindra og tor-

velda gerðarbeiðanda stigin, og skal gerðarþoli því nú þegar hafa tekið burtu girðingu sína, tré og aðrar tálmanir af gagnstignum á 2ja álna breiðu svæði meðfram suðurgirðingu Konráðs Konráðssonar.

Að visu er fullyrt í afsali dánarbús Kristínar Pálsdóttur, að norðurmörk lóðar Hafnargötu 20 sé suðurgirðing Konráðs Konráðssonar, en það er fullyrðing, sem gerðarþoli verður að eiga við afsalanda, og það verður jafn þýðingarlaust til þess að skerða 17 ára gamlan og þinglesinn rétt gerðarbeiðanda, að þessi norðurmörk séu talin rétt af bæjarstjóra, sem auk þess kveðst ekkert vita, hvort samningar séu til, er breyti lóðamörkum afsalsins, og sennilega hefur ekki ætlað að láta gerðarþola fá stærri lóð en bærinn tók af gerðarþola undir Hafnargötu. Gerðarbeiðandi hefur krafizt, að gerðarþoli greiddi sér 568 krónur í kostnað við gerðina og 500 krónur hefur gerðarþoli krafizt af gerðarbeiðanda, að hann greiddi sér í kostnað við gerðina.

Með tilliti til þess, að gerðarþola var með öllu óheimilt að taka rétt sinn sjálfur og að girða leyfislaust fyrir stigin, sem hann mátti sjálfur fullvissa sig um með því að mæla lóð sína, að væri norðan við umsamda lóðarlengd hans og umfram flatarmál lóðar hans samkvæmt þinglesnum lóðarsamningi, verður að telja hæfilegt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 400 krónur í kostnað við gerðina.

Fyrir því úrskurðast:

Gerðarþolar, Jóhann Garibaldason og Jörgen Holm, Siglufirði, nemi burtu á sinn kostnað girðingu þá á 2ja álna svæði, er hann (sic) hefur girt yfir gangstíg gerðarbeiðanda sunnan við girðingu Konráðs Konráðssonar, taki burtu á sinn kostnað tré og aðrar tálmanir, er hann (sic) hefur sett á þessu svæði, og greiði gerðarbeiðanda Kristjáni Björnssyni 400 krónur í kostnað við gerðina.
